

**Reykjavíkurstúlkan á þriðja
áratug 20. aldar
séð í gegnum ljósmyndir**

Halla Hákonardóttir

Listaháskóli Íslands
Hönnunar- og arkitektúrdeild
Fatahönnun

**Reykjavíkurstúlkan á þriðja
áratug 20. aldar
séð í gegnum ljósmyndir**

Halla Hákonardóttir
Leiðbeinandi: Ágústa Kristófersdóttir
Vorönn 2012

Íslenskar ljósmyndir frá þriðja áratug 20. aldar voru notaðar til að greina tísku þess tíma í þessari ritgerð. Áratugurinn var viðburðarríkur vegna mikilla samfélagslegra breytinga. Í fyrsta skipti var hlutfall fólks í þéttbýli hærra en í dreifbýli á Íslandi. Uppgangur var í Evrópu eftir fyrri heimsstyrjöld sem Ísland fór ekki varhluta af. Tækni var í örri þróun, atvinnuljósmyndun var að ryðja sér til rúms og almenningur á Íslandi var almennt mjög áhugasamur um að nýta sér þá þjónustu. Kvikmyndir urðu mikilvægir miðlar menningar og tísku, sem íslenskar stúlkur urðu fyrir miklum áhrifum af. Vegna þessarar þróunar urðu tískubreytingar miklar og breyddust hraðar út en áður var mögulegt. Konur fóru út á vinnumarkaðinn og öðluðust aukið fjárhagslegt sjálfstæði. „Reykjavíkurstúlkan” spratt upp úr þessum hræringum sem sjálfstæður einstaklingur sem fór sínar eigin leiðir. Ljósmyndir eru meðal helstu heimilda okkar um það hvernig fólk lifði á þessum tíma. Það má deila um hversu áráðanleg heimild ljósmyndin er vegna þess hve mjög sviðsetning einkenndi hana. Þess vegna er nauðsynlegt að styðjast einnig við ritaðar heimildir. Tískubreytingarnar voru mjög umdeildar hér á landi, líklega vegna þess að þær ögruðu aldagömlum klæðaburði sveitafólks.

Efnisyfirlit

| | |
|-----------------------------|-----------|
| Inngangur | 4 |
| Borgin Reykjavík..... | 6 |
| Tískan | |
| Reykjavíkurstúlkan..... | 8 |
| Drengjakollurinn..... | 11 |
| Áhrifavaldar | |
| Kvikmyndir..... | 13 |
| Auglýsingar og tímarit..... | 14 |
| Ljósmyndir..... | 15 |
| Greining ljósmynda | |
| Teofanistúlkur..... | 16 |
| Talsímastúlkur..... | 18 |
| Skólamyndataka..... | 19 |
| Reykjavíkurstúlkur..... | 20 |
| Uppstillingar..... | 21 |
| Lokaorð | 22 |
| Heimildaskrá | 24 |
| Myndaskrá | 25 |

„Ó, hvað mig tekur það sárt að sjá”
sumar af stúlkunum ganga þessum helv(ítis) hælum á
sem hreykja þeim beinlínis upp á tá
með afstöðu alla svo ranga,
vei ykkur, vei ykkur hælur!
Ó vesalings tískunnar þrælar.
„Háir hælur.” *Rúsínur*, 17. nóv. 1923.¹

Inngangur

Það eru ekki nema 150 ár síðan myndavélin kom fyrst til Íslands og ca 110 ár síðan almenningur hafði fyrst tök á því að fara til ljósmyndara, en þá voru myndavélar nær eingöngu í eigu ljósmyndara sem höfðu eigin stofur. Ljósmyndir voru þá að mestu teknar innanhúss og fólk klæddi sig í sitt fínasta púss fyrir myndatökur. Mikil þróun varð í ljósmyndun í upphafi 20. aldarinnar og á þriðja áratugnum var farið að nota ljósmyndun sem tilraunakenndan starfsvettvang við auglýsinga- og tískuljósmyndun. Ljósmyndir sem heimild eru að þess vegna ekki eldri en 150 ára á Íslandi. Ljósmynd „getur sagt meira en þúsund orð” og þess vegna verið mun skýrari heimild en ritaður texti, en getur einnig gefið ranga mynd af fólki. Fólk af millistéttinni fékk til dæmis. oft lánuð föt til að vera virðulegri á ljósmynd.²

Í þessari ritgerð ætla ég fjalla um íslenskar ljósmyndir frá þriðja áratug 20. aldar og greina klæðaburð kvenna út frá þeim. Megin heimildin er bók Æsu Sigurjónsdóttur, *Til gagns og til fegurðar*, en tilgangur hennar var að rekja breytingar í klæðaburði með hliðsjón af ljósmyndum. Einnig styðst ég við nokkrar myndir úr bókum Lofts Guðmundssonar: *Enginn getur lifað án lofts: konunglegur hirðljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður í Reykjavík.* og Ólafs Magnússonar, *Konunglegur hirðljósmyndari.*

Í bók Sigrúnar Sigurðardóttur, *Afturgöngur og afskipti af sannleikanum*, er fjallað um ýmis hugtök sem notuð eru til greiningar á ljósmyndum, m.a. hugtakið

¹ Eggert Þór Bernharðsson, „Ó, vesalings tískunnar þrælar.” Um „Reykjavíkurstúlkuna” og hlutverk hennar”, *Sagnir*, 11. árgangur, 1990, bls. 16.

² Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar; Sjálfsmyndir í ljósmyndun og klæðnaði á Íslandi 1860 – 1960*, Þjóðmynjasafn Íslands, Reykjavík, 2008, bls. 10 – 11.

différence. Sigrún segir þetta hugtak vera lykilhugtak í heimspeki Derrida og lýsa „einmitt því sem gerist þegar orðræðan fellur ekki að veruleikanum sem hún leitast við að lýsa og skapar ákveðið rof i hugmyndaheimi einstaklinga eða hópa fólks og skapar um leið rými þar sem ný hugsun verður til”. Nota má þessa hugmynd sem varnaðarorð gegn bókstaflegri túlkun ljósmynda sem heimild. Hér er það ljósmyndarinn sem skapar „raunveruleika”. Þó ekki endilega þann sem skoðandinn leitar að. Þess vegna er mikilvægt að hrapa ekki að of víðtækum ályktunum þegar ljósmyndir eru greindar.³

Ástæður þess að þriðji áratugurinn varð fyrir valinu eru annars vegar, að á þeim tíma var myndavélin orðin að almenningseign og ljósmyndin þess vegna orðin að góðri tískuheimild og, hins vegar, að á þessum tíma urðu miklar tískubreytingar á Íslandi.

Á þriðja áratugnum var fatnaður í fyrsta skipti orðinn eitthvað meira en nauðsynjavara. Hann var orðinn að munaðarvöru og þróun í fatagerð tók ekki lengur einungis mið af ytri þáttum eins og hagkvæmni og breytingum á lífsháttum, heldur einnig sínum eigin tjáningarmáta.⁴

Ísland var ekki þátttakandi í fyrri heimsstyrjöldinni en varð óumflýjanlega fyrir áhrifum af henni, ekki síst vegna viðskipta við þau lönd sem tóku þátt í stríðinu. Eftir allar þær fórnir sem íbúar þeirra færðu breyttist mat á gildi þess að fá að lifa og njóta. Fram kemur í tímariti skömmu eftir fyrri heimsstyrjöld að „tískan sé duttlungafull og hún þurfi ekki langan tíma til þess að skipta skapi og snúa öllu við frá því í fyrra. Og það leiki enginn vafi á því að heimsófriðurinn hafi haft mikil áhrif á tískuna.”⁵

Það eru til þó nokkrar ágætari ritaðar heimildir um tísku og fatagerð á Íslandi. Þær lýsa fremur megindráttum hvers tímabils fyrir sig en gefa af þeim skýra mynd. Ljósmyndir af fólki eru almennt góð heimild um lifnaðarhætti og þar á meðal klæðaburð og gera okkur kleyft að rýna í tísku og tíðaranda og mynda okkur sjálfstæða skoðun á viðfangsefninu.

Þær bækur sem mest var stuðst við til að greina tískuna voru: *Saga fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi* eftir Ásdísi Jóelsdóttur og *Tíska: Sögulegt*

³ Sigrún Sigurðardóttir, *Afturgöngur og afskipti af sannleikanum*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2009, bls. 7.

⁴ Gertrud Lehnert, *Tíska: Sögulegt ágríp*, Háskólaútgáfan, 2000, bls 136.

⁵ Ásdís Jóelsdóttir, *Saga fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi, frá lokum 19. aldar til byrjun 21. aldar*, Leturprent, Kópavogur, 2009, bls. 51.

ágríp eftir Gertrud Lehnert. Einnig studdist ég við greiningar í bók *Æsu Sigurjónsdóttur*, sem gefa gott yfirlit yfir tísku og tíðaranda á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Auk þess hafði ég *Sögu Reykjavíkur* til hliðsjónar til að gera mér betur grein fyrir daglegu lífi borgarbúans á þessum tíma og bregða upp mynd af þróun samfélagsins og þá ekki hvað síst breyttri stöðu konunnar.

Ég mun gera grein fyrir tísku þriðja áratugarins, lýsa tískustraumum í fatnaði, aukahlutum og hári ásamt því að fara yfir helstu tískumiðlana og áhrifavalda. Ég mun fjalla um ljósmyndun þessa tímabils og velta því fyrir mér hvað hafði mest áhrif á það hvernig ljósmyndir voru teknar. Þá mun ég greina áhrif kvikmynda, sem að öllum líkindum voru mikil, ekki síst til að breiða út tísku á þessum tíma.

Ljósmyndir gefa ekki alltaf rétta mynd af veruleikanum. Hversdagsleikanum er oft breytt og þar með klæðavali á ljósmyndum, einkum og sér í lagi tískuljósmyndum. Þess vegna er nauðsynlegt að skoða fleiri heimildir um tískuna. Hér koma tímaritsgreinar, auglýsingar og kvikmyndir í mjög góðar þarfir. Stærstum hluta ritgerðarinnar verður þó varið í að greina tískustrauma þriðja áratugarins á Íslandi með hliðsjón af birtum ljósmyndum.

Borgin Reykjavík

Ísland varð fullvalda ríki 1918 við lok fyrri heimsstyrjaldar. Því fylgdi mikill uppgangur og bjartsýni meðal Íslendinga. Tækninýjungar báraust til landsins, svo sem kvikmyndir, sími og rafmagn. Allt voru þetta „hlutir sem áttu eftir að auðvelda samskipti og upplýsingarstreymi á milli landa. Þekktir fatahönnuðir hönnuðu fatnað á kvikmyndastjörnr í Hollywood og slík áhrif voru ekki lengi að berast hingað til lands.“⁶

Á þriðja áratugnum var hlutfall fólks í þéttbýli í fyrsta skipti hærra en í dreifbýli. Mörgum var í nöp við þessar breytingar. Í bókinni *Ísland á 20. öld* segir meðal annars:

Einnig var stórborgarlífið talið siðspillandi a.m.k. fyrir verkalýð sem byggði við fábreytt kjör, en sveitirnar uppspretta óspilltra þegna. Var

⁶ Ásdís Jóelsdóttir, *Saga fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi; frá lokum 19. aldar til byrjun 21. aldar.*, bls 38 – 39.

gott til þess að vita fyrir Íslendinga hve spilltur kynstofn landsins væri af borgarlífi.⁷

Bein tenging er á milli þéttbýlismyndunar og tískunnar því að þegar fólksfjölgun varð í Reykjavík þróaðist tískan á þann máta sem við þekkjum í dag. „Reykjavíkurstúlkan“, eins og stúlkurnar voru kallaðar sem fylgdust með tískunni, urðu til á þessum tíma. Halldór Laxnes skrifaði mikið um þessar nýju Reykjavíkurstúlkur og taldi þær vera tákn hinnar nýju menningar sem var að myndast með stækkun Reykjavíkur. Alþjóðleg menning sem hafði ekki áður þekkt á Íslandi var meðal annars sótt í erlendar stórborgir, kvikmyndir, skemmtanalíf og fleira.⁸

Þetta var sá áratugur þar sem svarthvítar bíómyndir urðu vinsælar og Íslendingar fóru að fara í kvikmyndahús til að sjá nýjustu Hollywood-myndirnar. Konur vildu klæðast eins og leikkonurnar í bíómyndunum.⁹ Með efnahagslegum uppgangi varð meiri vinnu að fá á Íslandi. Með aukinni vinnslu á fiski gafst konum í fyrsta sinn færi á að komast út á vinnumarkaðinn. Aldrei áður höfðu þær haft jafn mikið á milli handanna. Það gerði þeim kleyft að vera fjárhagslega sjálfstæðar og ekki uppá eiginmenn sína komnar í sama mæli og áður.¹⁰ Nú gátu þær leyft sér að fylgja nýjustu tískustraumum beint frá Hollywood í fatnaði og snyrtivörum.

⁷ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, Sögufélag, Reykjavík, 2002, bls. 85 – 147.

⁸ Eggert Þór Bernharðsson, „Ó, vesalings tískunnar þrælar.“ *Sagnir*, bls. 17.

⁹ Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar*, bls 151.

¹⁰ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 86 – 88.

Tískan

Reykjavíkurstúlkan



Mynd 1
Radióauglýsing 1927

Í karlmenn, sem gátu ekki setið á sér að skrifa um þetta í blöðin. Þeir skrifuðu meðal annars að það sæmdi ekki siðuðu fólki að vera málað eins og villimenn. Með árunum styttust pilsin enn og 1925 náðu þau rétt niður fyrir hné, eins og sést á myndinni hér að ofan sem var tekin 1927. Hálsmálið á kjólunum var einnig flegnara og konur voru byrjaðar að ganga í þunnum sokkum. Áfram héldu blöðin að fjalla um háttarlag kvenna. „Verkin sýna merkin, [...] „Nábleikt andlit, hryggskekkja, sífelldur lasleiki, blóðleysi og tæringarvottur.” Nei þá voru gömlu góðu vaðmálsfötin betri.”¹¹

Í grein í tímaritinu *Réttur* er meðal annars fjallað um hvernig peysufötin hafa vikið fyrir útlenskri tísku:

Sjóndeildarhringur vor hefir víkkað svo undrum sætir fyrir kraftaverk skapandi anda á samgöngusviðinu. Vjer [...] fáum nú hinar nýjustu erlendar uppgötvanir með fyrsta pósti, [...] »móð« og »pakka« frá París. [...] Erlendum áhrifum skolar nú ótt sem öldum upp að landi voru. Vjer, sem ekki þektum hugtakið tíska fyrir 100 árum, sjáum nú »dömur« vorar með drengjakolla á götunum,

¹¹ Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar 1870 – 1940, síðari hluti*, Idunn, Reykjavík, 1994, bls. 198-199.

svo að við ekki tölum um, hvernig íslensku peysufötin víkja fyrir útlendum klæðnaði.¹²

Þrátt fyrir að um tískuna hafi oftast verið fjallað í neikvæðum tón, svo sem „tískudrósin” ber með sér þótti samt sumum sitthvað jákvætt við tískuna. Rithöfundurinn Guðmundur Kamban átti það til, eins og Halldór Laxnes reyndar líka, að taka upp hanskan fyrir „tískudrósinar”. Þeir vildu báðir meina að þær væru jákvæður hluti af menningu Evrópu.

Þar ætti „Reykjavíkurstúlkan” drjúgan hlut að máli en henni væri ætlað stærra hlutverk. Hún ætti að siðmennta þjóðina – taka hinni alþjóðlegu siðfágun. Hrinda af Íslendingum því óorði að þeir væru ekki nema hálfmenntuð þjóð og jafnvel ekki það. Bæta hina ytri framkomu þannig að hún líktist framkomu siðaðra þjóða,

Hann hélt áfram:

Frá því að alþjóðleg siðfágun hófst í Evrópu hafa konurnar allsstaðar tekið henni fyrst. Hún er í raun konunnar verk og ég veit ekkert fegra að segja um konur. Reykjavíkurstúlkan hefur á fáum árum tekið gagngerðri breytingu, ekki aðeins í klæðaburði og fasi heldur líka að sjálfstæðum smekk.¹³

Þó að Guðmundur Kamban hafi haft mikið til málanna að leggja um Reykjavíkurstúlkuna og hennar ábyrgð í samfélaginu þá er alls óvísst að þær hafi gert sér grein fyrir því.

Gabrielle Chanel, betur þekkt sem Coco Chanel, á að margra mati heiðurinn af þeirri tísku sem við þekkjum í dag. Hún varð þekktur hönnuður og kom þægilegum fatnaði í tísku og var frumkvöðull á því sviði. Hún var með þeim fyrstu til að ganga í buxum og hóf að hanna kjóla úr ullarjersey sem hafði fram að því aðeins verið notað í nærföt. Í stríðinu neyddust konur í Evrópu og Bandaríkjunum til að fara út á vinnumarkaðinn. Hún hóf að hanna þægilegar flíkur sem auðvelduðu

¹² Einar Olgeirsson, „Erlendir menningarstraumar og Íslendingar”, *Réttur*, 11. árgangur, 1. og 2. hefti, 1926, bls 9.

¹³ Eggert Þór Bernharðsson, „Ó, vesalings tískunnar þrælar.” *Sagnir*, bls. 20 -21.

konum vinnuna. Áður fyrr þekktist ekki að konur gengju í buxum og einnig hafði kjólasíddin aldrei náð uppfyrir ökkla.¹⁴ Í kjölfarið breyttist sýn konunnar á eigin líkamsmynd. Það þótti ekki lengur flott að hafa „þroskaðan kvenleika” heldur áttu þær að vera grannar og hraustar, helst æfa einhverjar íþróttir. Konur voru í fyrsta skipti orðnar frjálssar og óháðar karlmönnum og þær sóttust ekki eftir hjónabandi á sömu forsendum og áður. Þær voru fjárhagslega sjálfstæðari og gátu í ríkari mæli varið peningunum í það sem hugurinn girntist, sem var oft og tíðum föt og önnur munaðarvara. Þróun tískunnar var í nánum tengslum við aukið frelsi kvenna. Sem lífsstykki datt korsilettið, eins og það hafði verið, úr tísku. Korsilettið hafði verið gert úr fiskbeinsteinum með málmstyrkingu sem gat þrengt svo að innnyflum að þau aflöguðust. Þau hurfu þó ekki af sjónarsviðinu og voru enn notuð, en höfðu breyst með breyttri tísku og betri efnum. Nú klæddust þonar í kotum eða upphlutum úr þægilegri efnum sem þjónuðu sama tilgangi og gömlu korsilettin: að leggja áherslu á ákveðin líkamsform. Nú voru það brjóstin sem ekki áttu að sjást.¹⁵ Þessi nýja tíska var oftast þekkt undir nafninu „the flappers” í Bandaríkjunum og „la Garçonne” í Frakklandi, en helstu einkenni Flappers er stutt strákaleg klipping, víður hnésíður kjóll með mittislínuna á mjöðmunum, silki eða rayon sokkar sem héldust uppi með sokkaböndum, ásamt miklum farða og löngum perlufestum.¹⁶

Tímabilið sem um ræðir birtist okkur í svarthvítum ljósmyndum og takmarkaðar upplýsingar er að fá um liti klæðnaðarins. Í þeim ritum þar sem ég studdist við ljósmyndir var hvergi minnst á litina á flíkunum. Það var ekki fyrr en ég fór að rýna í ritgerð Sigurbjargar um „Nýju konuna” sem ég sá fyrst lýsingu á litum kjólanna. Þar lýsir Maja kjól vinkonu sinnar.

„Ég fór til Gínu hjerna niðri í dag og hún sagði mjer að hún ætlaði á Skólaballið og svo fekk jeg lýsingu af kjólnum hennar. Ja minn guð (andvarp)

¹⁴ Valerie Mendes og Amy De la Haye, *20th century fashion*, Thame & Hudson, London, 1999, bls. 52 – 54.

¹⁵ Gertrud Lehnert, *Tíska: sögulegt ágríp*, Fríður Ólafsdóttir þýddi, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2000, bls 129 – 130.

¹⁶ 1920 – 1930: Flappers of the 1920's, sótt 10. jan.2012, <<http://www.1920-30.com/fashion/flapper.html>>.

hann er úr bleiku silki með rauðu vestu við bróðerað í með rauðum og grænum blöðum”.¹⁷

Drengjakollurinn



Mynd 2

Þrjár vinkonur saman hjá ljósmyndara að taka „vinkonu myndir”.

klippa sig og krúnuraka, ef þær vilja, en hitt geta þær ekki heimtað, að karlmönnum öllum lítist jafnvel á þær eftir sem áður.¹⁸

Stúlkurnar á myndinni eru klæddar upp eftir nýjustu tísku í rykfrakka, með tískuklippingu og permanent lagaða drengjakolla. Rafmagnskrullujárn voru þá alveg ný af nálinni. Gagnrýnin á þessa nýju hártísku leyndi sér ekki og má glögglega sjá í tímaritinu Vöku frá 1928:

Um fegurðina má lengi deila, því að „svo má illu venjast, að gott þyki”, en að konur hafi á öllum öldum og til vorra tíma haldið langa hárinu, þrátt fyrir allar sveiflur tízkunnar, [...]. Nú vilja þær óáreittar hafa sama frjálrsræði

sem karlar til að klippa hár sitt, og auðvitað hafa þær frjálrsræðið til að

Í margar aldir hafði sítt hár verið allsráðandi. Það þótti kynþokkafullt að hafa sítt hár sem tekið var upp í allskyns hárgreiðslur. Það er þess vegna ekki skrítið að „drengjakollurinn” sem komst í tísku á þriðja áratugnum hafi verið mikið hitamál og margir fyrirlitu þá tísku, einnig margar konur. Það var mikið ritað um það í blöðin. Það þótti ekki kvenlegt að hafa drengjakoll, en það var kallað drengjakollur þegar konur klipptu hár sitt svo stutt að þær litu út eins og ungir drengir. Halldór Laxnes hafði sterkar skoðanir á þessari óvænu tísku Reykjavíkurstúlkunnar og

¹⁷ Sigurbjörg Elín Hólmarsdóttir, *Nýja konan giftir sig; -Reykjavíkurstúlkan María Thoroddsen 1920 - 1930*, Ritgerð til B.A. –prófs í sagnfræði, maí 2010, bls. 41.

¹⁸ G.F. „Orðabelgur”, *Vaka*, 2. Árgangur 1928, 1. Tölublað (01.03.1928).

skrifaði til að mynda bækur með þeim í aðalnutverki eins og *Vefarann mikla frá Kasmír*. Í grein eftir hann segir meðal annars:

Þykir enn hálfgerð furðuverk í Reykjavík, og veði jafnvel fyrirlitningu og ógeð úngra stúlkna. Þó sést ein og ein sem hefur látið skella neðanaf hárinu á sér fyrir neðan eyrun í einhverju meiníngarleysi, en útlend stúlka, sem kom til Reykjavíkur seinni hluta síðasta vetrar, sagði mér að hún hefði hvergi á hárgreiðslustofum kvenna feingið hár sitt klipt eftir þeirri tísku sem ytra réði, og loks orðið að láta gera það á rakarastofu karla.¹⁹

Þessi nýja hártíska kvenfólksins var greinilega hitamál hjá Halldóri Laxnes, en í annarri grein sem hann ritaði síðar þegar hann dvaldi á Sikiley segir hann meðal annars að drengjakollurinn vitni um: „nýtt hugarfar, nýjan skilning á stöðu konunnar og lífshlutverki; hann er ytra tákn einhvers sem nálgast spánnýtt lífsviðhorf kvennanna.” Þó vildi hann meina að íslenskar konur sem fylgdu tískunni yrðu að athlægi í Reykjavík þar sem drengjakollurinn væri enn fáséður á götum borgarinnar.²⁰ Drengjakollurinn var þó ekki lengi að ryðja sér til rúms og undir lok þriðja áratugarins voru konur farnar að spóka sig með drengjakoll eigandi á hættu að enginn myndi vilja þær, en að tolla í tísku skipti greinilega meira máli.

¹⁹ Eggert Þór Bernharðsson, „Ó vesalings tískunnar þrælar,” *Sagnir*, bls. 20.

²⁰ Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur*, bls. 200.

Áhrifavaldar

Kvikmyndir



Mynd 3
„Íslandssjapplín“ Úr ævintýri Jóns og Gvendar frá 1923

„Í Reykjavík kom filmið í stað ótal hluta sem aðrar þjóðir áttu fyrir [...] og var stærsti glugginn sem sneri að heimsmenningunni. Þar fann „Reykjavíkurstúlkan“ helstu fyrirmyndir sínar“.²¹

Á þessari mynd frá 1923 má sjá hvernig tískan

hafði þróast á Íslandi á fyrri hluta þriðja áratugarins. Pilsin

voru komin vel upp fyrir ökkla en drengjakollurinn lítið farinn að sjást. Þarna má sjá eina konu í þjóðbúningi. Nokkrar eru með síðar perlufestar líklega vegna áhrifa frá Chanel og konan lengst til vinstri virðist vera í háhæluðum skóm.

Þriðji áratugurinn er áratugur glamúrs og mikilla tískubreytinga. Íslenskar stúlkur urðu fyrir miklum áhrifum frá Hollywood-kvikmyndum og það lagðist misvel í eldri kynslóðina. Hollywood-leikkonur urðu fyrirmyndir íslenskra kvenna í klæðnaði. Konur hófu í auknum mæli að skipta út þjóðbúningnum fyrir tískuföt, samanber myndina hér að ofan. Það var ekki bara klæðnaðurinn heldur einnig stíllinn (aðallega hárgreiðslan), limaburður, snyrtivörunotkun og fas. Stúlkur fóru í kvikmyndahús ekki einungis fyrir skemmtanagildið heldur einnig til að fylgjast með nýjustu staumum í tískunni frá Ameríku.²²

Í grein Eggerts Þórs Bernharðssonar er sagt frá stúlku sem lagði til hliðar hvern eyri sem hún vann sér inn til að komast í bíó, hún mátti ekki missa af einni einustu mynd. Það að komast í bíó hleypti lífi í annars fábrotinn veruleika hennar. Hún fylgdist vel með fasi og klæðaburði leikkvennanna og klæddi sig svo eftir því. Greiddi hárið eins, saumaði sér eins kjóla og reyndi að hreyfa sig á sama máta.²³

²¹ Eggert Þór Bernharðsson, „Ó vesalings tískunnar þrælur,“ *Sagnir*, bls. 18.

²² Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar; Sjálfsm myndir í ljósmyndun og klæðnaði á Íslandi 1860 – 1960*, Þjóðmynjasafn Íslands, Reykjavík, 2008, bls 151.

²³ Eggert Þór Bernharðsson, „Ó vesalings tískunnar þrælur,“ *Sagnir*, bls. 19.

Frekari vitni um afstöðu til tískunnar má lesa í tímaritinu *Spegilinum* frá 1928:

Margir vilja halda því fram, að kvikmyndir sjeu eitt af helstu menningarmeðulum nútímans,[...] viljum vjer aðeins benda þeim hinum sömu á myndasýningu þá, er undanfarið hefir verið í sýningarkössum »Lofts«. Þá geta þeir sjeð svart á hvítu, hvort kvikmyndafár vorra tíma hefir ekki sett merki sín á blómarósir bæjar vors, svo ekki er um að villast. Þorum vjer að fullyrða, að aðrar eins stellingar og dreymandi augnaráð, snúningar og vindingar munu alls ekki hafa þekst hjer fyrir daga bíoanna.²⁴

Mikið af þekktum leikurum komu fram á sjónarsviðið á þessum tíma. Má þar nefna Greta Garbo, Louise Brooks, Clara Bow og Marlene Dietrich en leikarar og önnur átrúnaðargoð voru líkleg til að hafa mikil áhrif til að breiða út tísku.

Auglýsingar og tímarit

Hollywood kvikmyndirnar voru ekki eini tískuglugginn til annarra landa, heldur einnig tímarit og auglýsingar. Gefin voru út tímarit eins og *Kvennablaðið*, *Hlín* og *Freyja* sem höfðuðu til kvenna. Í þessum ritum var mikið fjallað um baráttumál kvenna en annars voru hannyrðir og heimilisiðnaður oft megin efni þeirra. Auk íslenskra tímarita voru seld ýmis erlend tísku- og sníðatímarit sem báru með sér nýjustu straumana í tískunni. Konur höfðu þannig möguleika á að bæði fylgjast með tískunni og taka upp sníð og sauma sér kjóla og fleira sem þeim fannst fallett.²⁵

Það var frekar algengt að konur kæmu ekki fram undir réttu nafni þegar þær skrifuðu greinar í svokölluð „móðtímarit“. Helsta ástæða þess er líklega sú að það þótti ekki viðeigandi fyrir konur að spá í tískuna.²⁶

Í B.A ritgerð Sigurbjargar Elínar Hólmarsdóttur í sagnfræði. Nýja konan giftir sig, þar sem fjallað er um „nýju konuna“ á Íslandi á þriðja áratugnum kemur fram að ósjaldan var orðið tískudrós sett fram sem neikvætt orð. Það að vera tískudrós var að hugsa mest um útlit og tísku, reykja vindla og hanga á kaffihúsum. Tískudrósinn var með drengjakoll og gekk í stuttum kjólum eða buxum. Hún pældi lítið í kvenfrelsisbaráttunni eða öðrum samfélagslegum málefnum. Það var frekar „tískudrósinn“ sem fékk á sig gagnrýni heldur en „kvenréttindakonan.“ Þetta er líklega skýringin á því að konur vildu oft ekki koma fram undir réttu nafni þegar

²⁴ „Áhrif kvikmynda“, *Spegillinn*, 3. árgangur, 10. Tölublað, 19.05.1928, bls. 75.

²⁵ Ásdís Jóelsdóttir, *Saga fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi*, bls 50.

²⁶ Ásdís Jóelsdóttir, *Saga fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi*, bls 52.

þær skrifuðu tískupistla í blöðin. Þó er áhugavert að í *Kvennablaðinu* voru peysufötin oft gagnrýnd, þar var fjallað um hversu ósmekklega konur klæddust í sveitunum. „Þetta svarta sífellda peysupils, allavega mislit treyja, með allavega sniði og útflúri, alveg eins og treyja við kjóla stór og breið peysusvunta, og svo til að kóróna allt saman skotthúfa á höfðinu. Það er sannkallaður smekkleysisbúningur.”²⁷

Ljósmyndir

Ljósmyndun varð stór þáttur í lífi fólks á Íslandi á þriðja áratugnum. Myndavélar voru í örri þróun og almenningur í auknum mæli farinn að hafa efni á þeim. Það var orðið vinsælt að fara til ljósmyndara og láta mynda sig eins og leikkonurnar í Hollywood. Uppstilling skipti þá miklu máli. Það var allt úthugsað, klæðnaður, hár og uppstilling. Fólk lét sig varða hvernig það kæmi út á mynd, bæði hvað snerti svipbrigði og hvert það horfði.

Ákveðinn stíll var í gangi í ljósmyndun, sem kallast *pictoralismi* og má rekja til listrænna áhugaljósmyndara sem vildu skapa eigin persónulegan stíl. Hann byggðist oft á kynnum ljósmyndarans af fyrirsætunni, persónulegu sambandi og mikilli natni við uppstillingu.²⁸

Loftur Guðmundsson ljósmyndari gerði Reykjavíkurstúlkuna ódauðlega. Hann var umdeildur fyrir að nota líkamsstöður og klæðnað úr bíómyndum sem fyrirmynd í vinnu sinni. Hann var vinsælasti ljósmyndari landsins enda hafði hann mikið ímyndunarafl þegar kom að því að stíliseru og taka myndir. Það réði miklu um vinsældirnar að hann myndaði allar konur eins og þær væru fegurðardísir hvíta tjaldsins. Stúlkur voru einnig æstar í að fá hann til að taka myndir af sér. „Ljósmyndin var aðferð til að máta sig við fyrirmyndir tjaldsins og ljósmyndastofan varð draumaverksmiðja ungra kvenna”. Þar var Loftur fremstur. Það var oft erfitt að gera greinarmun á mill tísku- og mannamynda, því að Loftur átti það til að blanda saman tískuljósmyndun og persónuljósmyndun.²⁹ Kvikmyndastjörnustíllinn náði hámarki sínu 1930 þegar fyrsta fegurðarsamkeppnin var haldin á Íslandi.

²⁷ Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar*, bls. 116.

²⁸ Ritstj. Inga Lára Baldvinsdóttir, *Enginn getur lifað án lofts: Loftur Guðmundsson konunglegur hirðljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður í Reykjavík*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2002.

²⁹ Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar*, bls.151 – 153.

Greining á ljósmyndum

Teofani stúlkurnar

Árið 1929 var í fyrsta skipti haldin fegurðarsamkeppni á Íslandi. Myndum af þátttakendum var dreift með Teofani sígrettupökkum og þeir sem keyptu sígrettturnar gátu kosið um þá stúlku sem þeim fannst fegurst.³⁰ Í bókinni *Enginn getur lifað án lofts* kemur fram að 50 konur hafi tekið þátt í keppninni. Keppendur voru á aldrinu frá sextán ára til sjötugs.³¹ Af þessu tilefni var þessi innsenda athugasemd í lesbók Spegilsins.³²

Frá Teofani-samkeppninni er oss símað: Það er algjörður mis-skilningur, að stúlkurnar okkar sjeu nokkuð gamlar. Þær eru allar á barnsaldri. **Aths. vor:** Já, þær, sem vjer höfum sjeð, eru annaðhvort í fyrri eða seinni barndóminum.

Í röð mynda af íslenskum fegurðardísnum sem fylgdu Teofanisígarettum spilaði Loftur á andstæður hins þjóðlega og hins nútímalega. [...] Loftur lék sér að því að mynda þær samkvæmt klisjunum um hina þjóðlegu, saklausu sveitastúlku með fléttur og rjóðar kinnar, og rauðar varir hinnar tælandi heimskonu. Hann sótti fyrirmyndir að uppstillingum og sjónarhorni til fagurfræði kvikmyndanna, [...] Áherslan á myndum Lofts er fyrst og fremst á hár, varir og augnarád en síður á persónuleika hvers og eins.³³

Það sem fangaði athygli mína við framangreinda lýsingu er að ljósmyndarinn sjálfur sér um stílisinguna. Hann ákveður hvernig stúl stúlkurnar eigi að hafa, en þar sem þetta var fegurðarsamkeppni hefði mér fundist rétt að þeirra persónulegi stíll fengi að njóta sín. Þetta er auðvitað gert í dag þegar teknar eru myndir af módelum fyrir tískurit og þess háttar.

Stúlkurnar nr. 5 og 6 á myndunum að neðan eru settar í íslenska þjóðbúninginn, þær eru með sítt hár, fléttur og skotthúfu (Mynd 4). Þær eru alveg ómálaðar og frekar barnslegar miðað við að þær séu að taka þátt í fegurðarsamkeppni. Stúlkan nr. 4 er sú eina sem er í matrósafötum. Matrósaföt voru skyrta og stuttbuxur í sjóliðabúningsstíl. Ungir drengir voru oft klæddir í matrósaföt á tyllidögum og stundum einnig stúlkur. Þetta er ekki beint klæðnaður sem maður myndi ímynda sér að hæfði fegurðarsamkeppni, allavega ekki eins og við þekkjum

³⁰ Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur*, bls. 200.

³¹ Ritstj. Inga Lára Baldvinsdóttir, *Enginn getur lifað án lofts*, bls. 80.

³² *Spegillinn*, 5. árgangur, 2. tölublað, 25.01.1930, bls. 15.

³³ Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar*, bls 153.

þær í dag, þar sem kynþokkinn skiptir miklu. Strákalega klippingin var allsráðandi á þessum tíma og kannski þóttu matrósafötin passa við hana.



Mynd 4
Nokkrar af teofanistúlkunum


Stúlka nr. 10 á það sameiginlegt með nr. 4 að vera stíliseruð á barnslegan hátt. Hún er eins og ung stelpa í sveitagalla að amerískum hætti; klædd í smekkbuxur, með hálsklút og hatt. Hún er brosmild en horfir ekki í myndavélina. Stúlkan nr. 8 er stíliseruð eins og eldri kona. Hún er með axlarsítt hár með „permanent” sem var frekar konulegt á þessum tíma eins og að vera lítið máluð. Hún er í ermalausum efriparti sem var mjög nýtskulegt og fellur ekki vel inn í heildarmyndina. Stúlkur nr. 1, 2, 3, 7, 11 og 12 eru allar stíliseraðar með innblæstri frá Hollywood. Þær eru mikið málaðar og klæddar eftir nýjustu tísku. Sú nr. 11 er með svokallaðan *bowler* hatt eða klukkuhatt eins og hann var kallaður á íslensku og var mjög móðins á þriðja áratugnum. Hún er einnig með loðkraga um hálsin, en feldir af ýmsu tagi voru

einnig mjög í tísku á þessum tíma. Stúlka nr. 1 er sú eina sem ber skartgrip. Hún er með síða perlufesti sem var alveg eftir nýjasta móð. Það má þess vegna glögglega staðfesta skrifaðar heimildir um að „minna sé meira” þegar skartgripir eru annarsvegjar. Stúlka nr. 2 gæti verið klædd í kimono, flíkin sem hún er í er allavega í asískum stíl. Stúlka nr. 9 er einnig frábrugðin hinum á þann hátt að hún er stíliseruð á karlmannlegan hátt, hún er í skyrtu og stórri kápu yfir sem gæti einnig verið frakki. Hún lítur þó út fyrir að vera mikið máluð eins og þær sem stíliseraðar eru eftir Hollywood stjörnunum og gæti Marline Dietrich þess vegna verið fyrirmynd Lofts í stíliseringu. Allar stelpurnar sem eru stíliseraðar á nýtískulegan hátt eru með drengjakoll sem hlýtur bara þýða það eitt, að drengjakollurinn var orðin að helstu tískuhárgreiðslu þessa tíma. Það er reyndar erfitt að sjá hvort stelpurnar, sem eru saman á mynd í þjóðbúningunum, séu með sítt hár, en það er að minnsta kosti látið líta þannig út.

Samkvæmt *Sögu Reykjavíkur* kemur fram að stúlkan á mynd nr. 7 hafi hlotið flest atkvæðin og verið fyrsta fegurðardrottning Íslands.³⁴ Loftur hefur stíliserað hana að hætti Hollywood-leikkvænna. Það hefur greinilega hrifið karlmennina og sýnir sig að þessi nýja tíska hafði hægt og rólega unnið sér sess á minna en áratug, en það voru aðallega karlmennirnir sem gagnrýndu þessa nýju tísku í upphafi. Það er þó áhugavert að velja þessari mynd fyrir sér. Stúlkan er með svokallaðan drengjakoll, sem mikið var ritað um í blöðunum, og í einni greininni, sem vitnað var til hér áðan, kom fram eins og kom fram að með því að klippa sig stutthærðar yrðu konur að sætta sig við það að karlmennirnir gætu misst áhugan á þeim. Almennungur hlýtur að hafa verið farinn að venjast því að sjá þær svona stutthærðar úr því hún varð fyrir valinu. Það er líka athugunar vert að hún horfir niður á myndinni sem gerir það erfiðara að gera sér grein fyrir því hvernig hún lítur út. Var það dulúðin sem heillaði?

³⁴ Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur*, bls 201.

Talsímastúlkur



Mynd 5
Talsímastúlkur á
Ísafirði, myndin er
tekin á fyrri hluta þriðja

Það er erfitt að greina aldursmun þessara tveggja talsímastúlkna á Ísafirði, en af fötonum að dæma má ef til vill draga þá ályktun að sú í peysufötunum sé töluvert eldri en „tískudrósinn“ eða stelpa hægri megin á myndinni. Hún gæti verið um tvítugt. Hún klæðist nýjustu tísku, er í háhæluðum skóm, kjól með mittislínuna á mjöðmunum og með stutta „strákslega“ klippingu. Hún er skreytt perlum sem voru mikið í tísku á þessum tíma fyrir áhrif frá Coco Chanel. Klæðnaður stúlkunnar hægri megin er þó ekki óviðeigandi. Hún er hvorki í of stuttum kjól né of flegnum. Þó hún búi langt frá höfuðstaðnum hefur hún samt haft tök á því að fylgjast með nýjustu straumunum, en eins og fram kemur í ritgerð Sigurbjargar Elínar var oft á tíðum erfiðara fyrir stúlkur í dreifbýlinu að fylgjast með nýjustu tískustraumunum. Sigurbjörg segir frá Maju sem var á tvítugs og þrítugsaldrinum á þriðja áratugnum. Þar er vitnað í bréf frá mágkonu hennar sem býr á Akureyri: „Hún bað Maju að senda sér tískublöð þar sem hún væri svo hrædd um að „forpokast“ fyrir norðan og „vildi“ gjarnan fylgjast með hvað væri móðins í höfuðstaðnum.“³⁵ Það er spurning hvort unga daman frá Ísafirði hafi átt góða vinkonu eða ættingja í höfuðstaðnum sem gat sent henni nýjustu tímaritin eða að minnsta kosti upplýst hana um nýjustu tískustraumana. Ástæður þess að hin klæðist enn þjóðbúningi geta verið margar, líklega aldurinn og ef til vill að hún býr á Ísafirði sem var langt frá Reykjavík og ekki auðvelt á þessum tíma að komast á milli

³⁵ Sigurbjörg Elín Hólmarsdóttir, *Nýja konan giftir sig*, bls 42.

og þess vegna síður í beinum tengslum við tískuna. Önnur skýring gæti verið að hún sé af gamla skólanum og hafi óbeit á hverfuleik borgartískunnar.

Hér að framan hafa verið nefndar ýmsar ástæður fyrir viðhorfum til tískunnar. Í grein Æsu Sigurjónsdóttur eru eftirfarandi vangaveltur um þetta efni:

Það væri því einföldun að afgreiða gagnrýni á tískuklæðnað á þriðja áratugnum eingöngu sem hugarfóstur þeirra sem vildu halda í gamlar hefðir og spyrna fótum við erlendum áhrifum [...] Í umræðunni og deilunum um þjóðlegan klæðnað, litklæði karla, þjóðlegan „normalbúning“ eða mikilvægi þess að taka upp það allra nýjasta fléttaðist saman hefðbundin íhaldssemi þeirra sem vildu halda í þjóðlegar hefðir, hugmyndafræðilegar þverstæður þjóðernislegs módernisma og krafa um þjóðlega íslenska nútímamenningu.³⁶

Skólamynd



Mynd 6
Verslunarskólanemar
Ljósm. Þorleifur
Þorkelsson.

Fljótt á litið mætti halda að þetta væru bara drengir en svo er ekki. Þarna eru stúlkur í fremstu röðinni. Þær klæða sig eins og karlmenn, eru í síðbuxum, skyrtu og vesti, með bindi, í strákaskóm og með hatt. Þessi klæðnaður bendir til þess að „drengraklæðnaður“ hafi verið byrjaður að ryðja sér til rúms á Íslandi um 1930, a.m.k. meðal unglingsstúlkna. Þriðji áratugurinn er kannski sá áratugur þegar unglingar setja einnig svip sinn á tískuna og unglíngamenning er að verða til. Á myndinni eru nokkrar stúlkur sem halda á sígrettu. Þegar rýnt er betur í myndina eru stúlkurnar mun meira áberandi en

³⁶ Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar*, 126

strákarnir. Þær standa sumar hverjar í ýktum stellingum og sposkar á svip. Þær eru þær einu sem halda á sígarettum. Það er eins og þær séu að ýkja útlitið og vera



Mynd 7
Marlene Dietrich

meira töff. Það er greinilegt að þær sækja innblástur sinn út fyrir landsteinana og líklega alla leið til Hollywood þar sem leikkonur á borð við Marlene Dietrich spókuðu sig um í herrafötum. Marlene var þekkt fyrir „maskulent” klæðaburð eins og sést á meðfylgjandi mynd.

„„Vermännlichung” eða karlmönnun var það kallað upp á þýsku þegar konur tóku upp síði karla, gengu í buxum, klipptu sig stutt og reyktu. Kvikmyndir og erlend tímarit gáfu tóninn og ljósmyndir og klæðnaður urðu skilvirkar lýðræðislegar aðferðir til að

skilgreina nútímalegan kvenleika”³⁷

Á skólamyndinni eru að minnsta kosti tvær stúlkur (í fremstu röðinni lengst til vinstri) sem klæðast pilsu, blússu og kápu. Spurning er hvort þær hafi að sjálfsdáðum ekki viljað fylgja straumum eða hvort foreldrar þeirra hefðu hugsanlega bannað þeim að klæðast frjálslægum klæðnaði. Ef þær væru ekki með skólafélögnum gæti maður allt eins geta haldið að þær væru mun eldri eftir fötunum að dæma.

Reykjavíkurstúlkur



Mynd 8
Reykjavíkurstúlkur
1927
Ljós. Loftur
Guðmundsson

Myndin gæti verið tekin í áramótapartý hjá vinkonum. Eins og fram hefur komið styttust pilsin smám saman á þriðja

³⁷ Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar*, bls. 123.

áratugnum og um 1925 var síddin komin upp að hnjám eins og sést á þessari mynd. Þær eru allar nema ein í ermalausum kjól, sem var mjög móðins. Engin þeirra er þó í flegnum kjól en slíkir kjólar áttu enn eftir að berast til landsins. Það er erfitt að sjá en þó virðist kjóll konunnar sem stendur aftast vera fleginn í bakið sem var áberandi á kvöldkjólum. Allar eru þær í þunnum sokkum og háum hælum. Þær eru flestar brosandir sem sýnir að þær skemmta sér vel. Það er erfitt að sjá hvort þær séu með skart vegna skrautborðanna en mér sýnist sú sama og er í flegna kjólnum að aftan vera með perluhálsfesti. Allar hafa þær frekar stutt hár með bylgjum í. Glamúrinn leynir sér ekki og efnin í kjólunum líta út fyrir að vera mjög fín, líklega silki svo draga mætti þá ályktun að hér sé um konur af efri stéttum að ræða.

Uppstillingar



Mynd 9
Ljós. Loftur Guðmundsson

Hér má sjá þrjár stúlkur klæddar eftir nýjustu tísku. Myndirnar eru einnig allar teknar hjá ljósmyndara. Þær eru allar stilltar upp á ólíkan hátt og engin horfir í myndavélina. Það var í tísku á þessum tíma og gætir áhrifa frá myndum af Hollywood-leikkonum. Stúlkan lengst til vinstri horfir niður á hendina á sér, þetta gæti verið fermingarmyndataka þar sem hún virkar svo ung. Hún er í silkikjól, með drengjakoll og permanent. Þetta virkar frekar sakleysislegt, þótt hún sé í heldur ögrandi klæðnaði miðað við tímann og sýni fæturnar, sem líklega hefur þótt heldur óviðeigandi. Konan í miðjunni (ég kys að segja kona þar sem hún virkar eldri en hinar tvær) sýnist vera með sorgarsvip, þó að líklegast hafi það ekki verið ætlunin. Frekar hafi hún ætlað að vera virðuleg. Hún er með klukkuhatt, loðkraga og líklega í kápu. Myndin af stúlkunni til hægri er ein af fyrstu ljósmyndum Lofts

Guðmundssonar og er henni stillt upp í anda amerískra leikkvenna. Hún virkar frekar ung. Hún klæðist líklega kápu með pelsermum sem voru mjög í tísku á þessum tíma. Hún er með mjög sérstaka hárgreiðslu. Permanentíð í hárinu er mjög jafnt allan hringinn og síðan örlítill toppur. Þetta er í fyrsta skipti sem ég sé hárgreiðslu af þessu tagi. Þetta er að mínu mati falleg og sérstök hárgreiðsla og eiginlega mesta furða að hún hafi ekki orðið að tískugreiðslu. Lofti tókst að gera þær konur sem komu til hans að fyrirsætum á hvaða aldri sem er. Konan í miðjunni er eins og áður sagði greinilega eldri og glamúrnum því stillt í hóf á myndinni sem sýndi að Loftur kunni vel til verka.

Lokaorð

Af skrifum í dagblöð að dæma voru Íslendingar almennt fhaldsamir og neikvæðir í garð tískunnar á þriðja áratugnum. Þeir töldu að „Reykjavíkurstúlkan” væri holdgervingur erlendra kvenna. Þær gengu á háum hælum, voru stuttklipptar, reyktu og héngu á kaffihúsum. Sé litið til ljósmynda af konum og umfjöllun er ljóst að þessir tiskustraumar hafa skilað sér hratt og örugglega til landsins. Í dag kippir sér enginn upp við neitt af þessu, flestar konur eru stuttklipptar og ganga á háhæluðum skóm. Það sem er mest á milli tannanna á fólki í dag eru svokallaðar „skinkur” en helstu einkenni þeirra er appelsínugul húð, stutt pils við þunnar sokkabuxur og flegnir bolir. Það sem fer mest fyrir brjóstið á fólki er hversu illa klæddar þær eru í kuldanum en það sama fór fyrir brjóstið á eldra fólki á þriðja áratugnum þegar pilsin styttust.

Ef haldið er áfram að bera saman þriðja áratuginn og „nú tíðina” kemur ekki á óvart að yngri kynslóðin er almennt mun nýjungagjarnari en eldri kynslóðin þegar kemur að klæðaburði. Um þetta vitnar t.d. skólamyndin í samanburði við hinar. Þar eru stúlkur undir tvítugt mun frjálslugar klæddar, en á það er að líta að myndin er tekin utandyra. Ljósmyndarinn hefur tæplega ráðið nokkru um klæðnað krakkanna, en áður hefur komið fram að ljósmyndarar á borð við Loft Guðmundsson stíliseraði oft sín módel. Einnig má búast við að í myndatöku á stofu hafi stúlkur valið fínustu fötin sín. Það er því frekar ólíklegt að myndirnar segi alla söguna. Verslunarskólamyndin er tekin örlítið seinna og að einhverju leyti er mismunurinn fólgin í tiskubreytingum.

Það sem er hægt að segja með nokkurri vissu er að þær myndir sem hafa verið til umfjöllunar hér og voru flestar teknar á ljósmyndastofu geta verið ágæt heimild um tísku í betri spariklæðnaði. Til þess að fá víðari sýn á tískuna hefði verið gagnlegt að hafa myndir af fólki við hversdagslega iðju og í frítíma sínum.

Konur á þessum tíma voru að mínu mati hugrakkar. Þær voru sífellt á milli tannanna á fólki. Skrifað var um þær á neikvæðan hátt í blöðin. Eldra fólk nöldraði í sífellu um „tískudrósina”. Fólk áttaði sig almennt ekki á, að þær voru í raun boðberar nýrra tíma á Íslandi, en þó voru margir sem tóku tískunni vel svo sem Halldór Laxnes og Guðmundur Kamban. Báðir fjölluðu nokkuð um Reykjavíkurstúlkurnar, og töldu þær vera tákn um nýja menningu sem væri að myndast með stækkun Reykjavíkur. Halldór Laxnes hafði ferðaðist um allan heiminn á þessum tíma en það höfðu fáir Íslendingar haft tök á.

Þökk sé uppfinningu ljósmynda, er hægt að fá góða hugmynd um tísku síðustu 150 ára, á Íslandi. Við hefðum allt aðra sýn á tísku þriðja áratugarins ef ekki væri fyrir ljósmyndina til að stiðja sig við og þær bækur sem ritaðar hafa verið um tískuna og hafa notað ljósmyndir til hliðsjónar.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Ásdís Jóelsdóttir, *Saga fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi; frá lokum 19. aldar til byrjun 21. aldar*, Leturprent, Kópavogur, 2009.

De la Haye, Amy og, Valerie Mendes, *20th century fashion*, Thame & Hudson, London, 1999.

Eggert Þór Bernharðsson, „Ó, vesalings tískunnar þrælar.” Um

„Reykjavíkurstúlkuna” og hlutverk hennar”, *Sagnir*, 11. árgangur, (1990)

Einar Olgeirsson, „Erlendir menningarstraumar og Íslendingar”, *Réttur*, 11. árgangur,

og 2. hefti, 1926, bls 9.

G.F. „Orðabelgur”, *Vaka*, 2. Árgangur 1928, 1. Tölublað (01.03.1928), bls. 105.

Guðjón Friðriksson; *Saga Reykjavíkur*, Bærinn vaknar 1870-1940, síðari hluti, Reykjavík, 1994.

Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, Sögufélag, Reykjavík, 2002.

Lehnert, Gertrud, *Tíska: Sögulegt ágríp*, Friður Ólafsdóttir þýddi, Háskólaútgáfan 2000.

Sigrún Sigurðardóttir, *Afturgöngur og afskipti af sannleikanum*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2009.

Sigurbjörg Elín Hólmarsdóttir, *Nýja konan giftir sig; -Reykjavíkurstúlkana María Thoroddsen 1920-1930*, Ritgerð til B.A. –prófs í sagnfræði, maí 2010.

Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar; Sjálfsmyndir í ljósmyndun og klæðnaði*

á Íslandi 1860–1960, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2008.

Ritstj. Inga Lára Baldvinsdóttir, *Enginn getur lifað án lofts: Loftur Guðmundsson konunglegur hirðljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður í Reykjavík*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2002.

Vefheimildir

History.com, sótt 15.01.2012, <<http://www.history.com/topics/roaring-twenties>>.

1920 – 1930: Flappers of the 1920's, sótt 10.01.2012,

<<http://www.1920-30.com/fashion/flapper.html>>.

Myndaskrá

1. Ritstj. Inga Lára Baldvinsdóttir *Enginn getur lifað án lofts: Loftur Guðmundsson konunglegur hirðljósmyndari og kvikmyndagerðamaður í Reykjavík*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2002, bls. 108.
2. Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar; Sjálfsmyndir í ljósmyndun og klæðnaði á Íslandi 1860 – 1960*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2008, bls. 129.
3. Ritstj. Inga Lára Baldvinsdóttir *Enginn getur lifað án lofts: Loftur Guðmundsson konunglegur hirðljósmyndari og kvikmyndagerðamaður í Reykjavík*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2002, bls. 21.
4. Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar; Sjálfsmyndir í ljósmyndun og klæðnaði á Íslandi 1860 – 1960*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2008, bls. 148-149.
5. Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar; Sjálfsmyndir í ljósmyndun og klæðnaði á Íslandi 1860 – 1960*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2008, bls. 127.
6. Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar; Sjálfsmyndir í ljósmyndun og klæðnaði á Íslandi 1860 – 1960*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2008, bls. 122.
7. Allstarpics.com, sótt 15.01.2012, <<http://www.allstarpics.net/pic-gallery/marlene-dietrich-pics.htm>>.
8. Myndav. Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ólafur Magnússon, Konunglegur hirðljósmyndari*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2003.
9. Ritstj. Inga Lára Baldvinsdóttir *Enginn getur lifað án lofts: Loftur Guðmundsson konunglegur hirðljósmyndari og kvikmyndagerðamaður í Reykjavík*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2002, bls. 72, 105 og 76.